

263. Stjórnarfundur FEBRANG

18. ágúst 2025 í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Ásdís Ólafsdóttir, Svavar Ólafsson, Svavar Hauksson, Einar G. Magnússon og Sigurborg Óskarsdóttir. Formaður bauð öll velkomin og bað Sigdísi Oddsdóttur að lesa síðustu tvær fundargerðir og rita fundargerð.

1. Fundargerðir 261. Frá 12/05/2025 Og 262. Frá 05/06/2025 lesnar og samþykktar.
2. Færeyjaferðin var vel sótt og allir ánægðir . Gísli Jafetsson fararstjóri á hrós skilið fyrir góða leiðsögn.
Dagsferð í Grafning var farin þann 25. Júní . Theodór Vilmundarson hitti hópinn í upphafi og fylgdi út allann daginn. Snæbjörn Jónsson frá félagi eldri borgara á Laugarvatni hitti hópinn og sagði frá starfsemi félagsins. Ferðin var góð í alla staði. Farið verður til Vestmannaeyja þann 18.ágúst.
3. Hugmyndir að ferðum næsta árs voru ræddar. Hugmyndir verða lagðar fyrir ferðanefnd.
4. Vetrarstarfið 2025-2026
Stefnt er að því að gefa út fréttabréfið um miðjan september.
Handavinna, spilin og boccia verða á sínum stað og byrja um miðjan september. Dísá sér um að finna út tímasetningar í íþróttahúsinu, Menningarsalnum og Hvolnum. Útskurður verður ekki fyrir áramót.
Línudans. Möguleiki er á að námskeið verði haldið í línudansi. Finnur mun ræða við kennara fyrir næsta fund.
Námskeið í ljósmyndun. Jón Ragnar Björnsson hefur boðist til að halda 6 klst námskeið í ljósmyndun. Dísá mun ræða betur við hann varðandi stað og stund.
Ásdís Ólafsdóttir falið að hafa samband við Hörpu Rún vegna skapandi skrifa.
Fræðslufundir verða vonandi tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót. Stefnt er að því að hafa félags- og fræðslufund þann 22. September.
5. Árshátíð verður í október og jólahlaðborð í enda nóvember.
6. Heimasíðan hefur legið niðri og vangaveltur voru um framtíð hennar.
7. Næsti fundur verður 25/08 kl. 16

Fleira ekki gert og fundi slitið

Formaður

Ritari